

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS)

Fundargerð 27. fundar
Reykjavík 19. apríl 2013

Föstudaginn 19. apríl 2013 var haldinn tuttugasti og sjöundi fundur í Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS). Fundurinn var haldinn í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð og hófst hann kl. 08.00.

Viðstaddir voru:

Jón Gnarr	Reykjavík
Oddný Sturludóttir	Reykjavík
Ármann Kr. Ólafsson	Kópavogi
Rannveig Ásgeirsdóttir	Kópavogi
Gunnar Einarsson	Garðabæ
Erling Ásgeirsson	Garðabæ
Guðrún Á. Guðmundsdóttir	Hafnarfirði
Hallgrímur Hallgrímsson	Hafnarfirði
Ásgerður Halldórsdóttir	Seltjarnarnesi
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir	Mosfellsbæ
Adam B. B. Finnsson	Kjósarhreppi
Jón Viðar Matthíasson	Framkvæmdastjóri AHS
Stefán Eiríksson	Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (LRH)

Áheyrnarfulltrúar voru Haukur Harðarson frá björgunarsveitum á svæði 1 og Magnús J. Magnússon frá Rauða Krossinum.

Fundinn sátu einnig Birgir Finnsson, Brynjar Þór Friðriksson og Höskuldur Einarsson frá SHS og S. Björn Blöndal frá Reykjavíkurborg.

Fundarstjóri: Jón Gnarr.

Fundarritari: Birgir Finnsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð síðasta fundar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Fundargerð 26. fundar almannavarnanefndar 16. nóvember 2012.

Afgreiðsla: Engar athugasemdir.

2. Kosning varaformanns

Lagt til að Guðrún Á. Guðmundsdóttir frá Hafnarfirði verði varaformaður.

Afgreiðsla: Samþykkt.

3. Ofsaveður 6. mars sl.

Brynjar Þór Friðriksson fór yfir störf aðgerðastjórnar og viðbragðsaðila í óveðri sem gekk yfir höfuðborgarsvæðið þann 6. mars sl. Mikil ringulreið skapaðist vegna skafrennings sem blindaði öikumönnum sýn og gerði að verkum að bílar sátu fastir tímunum saman og hindruðu för björgunaraðila og snjómoksturstækja. Fjögur umferðarslys, þ.á.m. einn fimmtán bíla árekstur, ollu því að tólf manns voru fluttir á slysadeild. Eignatjón varð nokkuð. Brynjar fór jafnframt yfir þau atriði sem þarfnast úrvinnslu til þess að sveitarfélögin verði enn betur í stakk búin til þess að takast á við svona aðstæður.

Mikil umræða og áhersla lögð á mikilvægi þess að tryggja aðgerðastjórn á höfuðborgarsvæðinu starfsaðstöðu sem fyrst, þ.e. húsnæði, fjarskipta- og tölvubúnað, þar sem fyrir liggur að ekki verður úr samstarfi við embætti ríkislögreglustjóra varðandi SST.

Umræða um björgunarsveitir og aðkomu þeirra, m.a. við að draga bifreiðar, en það er gert á þeirra ábyrgð og getur valdið þeim kostnaði. Einnig um boðunarlista fyrir almannavarnanefndina, fræðslufirvöld og aðra innan sveitarfélaganna sem þurfa að vita hvað sé í aðsigi. Upplýst að í haust verði fundað með fulltrúum fræðslufirvalda frá öllum sveitarfélögum til að yfirfara reglur um röskun á skólastarfi. Tillaga um að fá kynningu frá Veðurstofunni varðandi þeirra verklag við yfirvofandi hættu, s.s. vegna óveðurs, sjávarflóða eða snjóflóða.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað; Óveður á höfuðborgarsvæðinu 6. mars 2013, dags. 17. apríl 2013.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Gróðureldar

Jón Viðar Matthíasson kynnti erindi sem Mannvirkjastofnun barst frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, þar sem óskað var eftir mati stofnunarinnar á frekari takmörkun eða banni við sinubruna þar sem endurskoðun reglna um sinubruna stendur til hjá ráðuneytinu. Jafnframt kynnti hann þróun gróðursvæða á höfuðborgarsvæðinu, helstu hættusvæði og nauðsyn áhættumats og viðbragðsáætlana fyrir þessi svæði.

Umræða um stærð og skipulag þessara svæða og aðkomu að skipulagsmálum. Hugmynd um að sveitarfélögin eignist haugsugur eða sambærileg tæki o.fl.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað; Gróðureldar á höfuðborgarsvæðinu, dags. 17. apríl 2013.
- Bréf frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til Mannvirkjastofnunar. Ósk um mat á frekari takmörkun eða banni við sinubruna, dags. 27. mars 2013.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Önnur mál

Umræða um fræðslu og æfingar fyrir fulltrúa sveitarfélaganna sem koma að viðbragðs- og almannavarnamálum, þar á meðal almannavarnanefndina. Eitthvað sem þarf að taka upp og koma í betra form.

Fundi slitið kl. 09.00.

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.

Fylgiskjöl:

- Fundargerð 26. fundar almannavarnanefndar 16. nóvember 2012.
- Minnisblað; Óveður á höfuðborgarsvæðinu 6. mars 2013, dags. 17. apríl 2013.
- Minnisblað; Gróðureldar á höfuðborgarsvæðinu, dags. 17. apríl 2013.
- Bréf frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til Mannvirkjastofnunar. Ósk um mat á frekari takmörkun eða banni við sinubruna. Dags. 27. mars 2013.